

hvort áfram sé farið eftir kröfum þessum og breyta viðurkenningarskírteininu ef þess gerist þörf. Þetta gildir um:

- (1) Nafn stöðvarinnar.
  - (2) Aðsetur stöðvarinnar.
  - (3) Viðbótaraðsetur stöðvarinnar.
  - (4) Ábyrgan framkvæmdastjóra.
  - (5) Sérhvern yfirmann sem tilgreindur er í grein JAR 145.30 (a).
  - (6) Aðstöðu, tæki, verkfæri, efni, starfsreglur, verksvið og viðhaldsvotta sem gætu haft áhrif á viðurkenninguna.
- (b) Flugmálayfirvöld geta ákveðið með hvaða skilyrðum viðurkenndri viðhaldsstöð er heimilt að starfa meðan slíkar breytingar standa yfir nema þau ákveði að viðurkenningin skuli felld tímabundið úr gildi.

### JAR 145.90 Áframhaldandi gildi viðurkenningar

Hafi viðurkenningu ekki verið afsalað, önnur komið í hennar stað, hún verið tímabundið felld niður, numin úr gildi eða er útrunnin vegna þess að komið er fram yfir einhvern gildistíma sem tilgreindur er í viðurkenningarskírteininu, þá heldur viðurkenning áfram gildi sínu sé eftirfarandi atriðum fullnægt:

- (a) Hin viðurkennda viðhaldsstöð fullnægi áfram ákvæðum krafna þessara og
- (b) flugmálayfirvöldum sé heimill aðgangur að hinni viðurkenndu viðhaldsstöð til að ganga úr skugga um að hún fullnægi enn kröfum þessum og
- (c) öll gjöld til flugmálayfirvalda séu í skilum.

### JAR 145.95 Sambærilegt öryggi

Flugmálayfirvöld geta veitt viðurkenndri viðhaldsstöð undanþágu frá einstökum ákvæðum krafna þessara, séu þau sannfærð um nauðsyn þess, og geta bundið slíka undanþágu viðbótarskilyrðum sem þau telja nauðsynleg til að tryggja sambærilegt öryggi hverju sinni.

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 22. ágúst 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010, sem staðfest var 30. nóvember 1990.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á horni Hlíðarbrautar og Borgarbrautar breytist úr verndunarsvæði í svæði fyrir verslun og þjónustu.

Breyting þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hana til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytið, 22. ágúst 1994.*

**Össur Skarphéðinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*